



Fundargerð

322. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. mars 2011, kl. 15:30

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Andrea Björnsdóttir varaoddviti, Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Björn Samúelsson í forföllum Gústafs Jökuls Ólafssonar oddvita. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 4 blaðsíður.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fólk velkomið. Varaoddviti leitaði afbrigða að taka 7 mál á dagskrá undir önnur mál og var það samþykkt. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 320. fundur hreppsnefndar 17. febrúar 2011.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt. Áréttað er að bókun samþykktar vantaði við lið 15. Liður 15 var samþykktur samhljóða af hreppsnefnd.

2. 321. fundur hreppsnefndar 24. febrúar 2011.

Farið yfir fundargerð og hún samþykkt.

3. Skipulag- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd 7. mars 2011.

Farið yfir fundargerð. Liður 1, tillaga samþykkt. Liður 2 samþykktur. Liður 3 samþykktur. Liður 4 samþykktur.

4. Fundir í stýrihópi um skólastefnu í Reykhólahreppi 21. febrúar og 1. mars 2011.

Fundargerðir lagðar fram.

5. Fundur í vinnuhópi um framtíð mótuneytanna í Reykhólahreppi 2. mars 2011.

Fundargerð lögð fram.

6. Fundur í velferðarnefnd Stranda og Reykhólahrepps 28. febrúar 2011.

Fundargerð lögð fram. Eitt trúnaðarmál til umfjöllunar sveitarstjórnar og var það rætt við luktur dyr.

Mál til afgreiðslu:

1. 1103003 - Ósk um styrk vegna menningar- og skólaheimsóknar.

Erindi frá nemendum 8. – 10. bekkjar Reykhólaskóla vegna Danmerkurferðar 7. – 13. apríl n.k.

Andrea Björnsdóttir vék af fundi. Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir tók við fundarstjórn á meðan. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja nemendur til ferðarinnar. Samþykkt um 10.000.- kr. á nemanda, eða 70.000 kr. alls. Vísað til endurskoðaðrar áætlunar 2011. Andrea kom inn á fundinn og tók við stjórn.

2. 1103004 - Ósk um leigu á Reykhólaskóla fyrir gisti- og veitingastarfsemi sumarið 2011.

Erindi frá Álfitalandi ehf. dagsett 22. febrúar 2011.

Sveitarstjórn fór yfir erindið. Sveitarstjórn telur að ef farið verði úti leigu á rekstri skólans og íþróttahúss utan kennsluálmu, yfir sumartímann verði að byrja á því að auglýsa það þar sem fyrirspurnir sama eðlis hafa borist skrifstofu. Gert er ráð fyrir tekjum af leigu í áætlunum hreppsins næstu árin. Sveitarstjórn er mjög jákvæð fyrir hugmyndinni. Sveitarstjóra falið að skoða grundvöll fyrir auglýsingu á rekstrinum. Samþykkt samhljóða.

3. 1103005 - Ósk um aðkomu að viðræðum er varða hagræðingu á mötuneytisstarfsemi Reykhólahrepps.

Erindi frá Kötlulandi ehf. dagsett 22. febrúar 2011.

Erindinu vísað til starfshóps um framtíðarrekstur mötuneyta í Reykhólahreppi. Samþykkt samhljóða.

4. 1103006 - Upplýsingamiðstöðin og Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum.

Erindi frá verkefnastjóra Atvest varðandi greinagerð um ráðstöfun fjármuna sem ríkisvaldið hefur samþykkt og afhent Bátasafninu dagsett 8. mars 2011.

Sveitarstjórn hvetur til þess að framkvæmdum verði haldið áfram við uppbyggingu á hlunninda og bátasýningu. Samkvæmt samningi sem gerður var við FÁBBR þann 9. mars 2007 er félaginu afhent Mjólkurbúið við Maríutröð til umráða, lítur sveitastjórn svo á að málefni þess sé alfarið á höndum félagsins. Þar af leiðandi mun sveitarstjórn ekki hlutast til um það hverjir hafi afnot af húsnæðinu á vegum FÁBBR. Sveitarstjórn hvetur til þess að flýtt verði vinnu við stofnun formlegs félags um safnið. Samþykkt samhljóða.

5. 1103007 - XXV. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Erindi frá stjórn Sambandsins um ákvörðun að halda XXV. landsþing sambandsins 25. mars n.k. Erindið dagsett 24. febrúar 2011.

Eiríkur Kristjánsson er kjörinn fulltrúi sveitarfélagsins á landsþing Sambandsins og Gústaf Jökull Ólafsson til vara. Eiríkur Kristjánsson og sveitarstjóri sem áheyrnafulltrúi munu mæta fyrir hönd hreppsins á XXV. Landsþing Sambandsins. Samþykkt samhljóða.

Haldið verður námskeið fyrir sveitarstjórnarmenn á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga í Borgarnesi 12. mars n.k. og munu Eiríkur Kristjánsson, Andrea Björnsdóttir og Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir sækja það. Samþykkt samhljóða.

6. 1103008 - Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Erindi frá Lánasjóðnum dagsett 23. febrúar 2011.

Engin framboð til stjórnar Lánasjóðs sveitarfélaga verða að hálfu Reykhólahrepps. Samþykkt samhljóða.

7. 1103009 - Innheimta og lögfræðivinna fyrir sveitarfélagið.

Erindi frá RG lögmönnum dagsett 4. mars 2011.

Erindið lagt fram. Sveitarstjóri tilkynnti að RG lögmenn hefðu heimsótt sveitarfélagið á dögnum. Sveitarstjórn hafnar boðinu. Samþykkt samhljóða.

- 8. 1103010 - Beiðni um umsögn á tillögu til þingsályktunar um mikilvægi fræðslu um kristni og önnur trúarbrögð og lífsviðhorf, 273. mál**

1103011 - Beiðni um umsögn um frumvarp til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákns máls, 533. mál.

1103012 - Beiðni um umsögn á tillögu til þingsályktunar um ljóðakennslu og skólasöng, 284. mál.

Ákveðið að gera ekki athugasemdir við ofangreindar þingsályktanir og frumvarp. Samþykkt samhljóða.

Til kynningar

- 9. 1103013 - Minnisblað sveitarstjóra vegna fundar með framvæmdastjórum sveitarfélaga á Vestfjörðum og Fjórðungssambandi Vestfjarðar 4. mars 2011.**

Lagt fram til kynningar.

- 10. 1103014 - Framkvæmd æskulýðsrannsóknanna Ungt fólk 2011 til 2016.**

Erindi frá Mennta og menningarmálaráðuneyti dagsett 20. janúar 2011.

Erindinu vísað til mennta – og menningarmálanefndar til kynningar.

- 11. 1103015 - Kynningarbréf með bæklingi um Skólavog.**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 14. febrúar 2011.

Bæklingur lagður fram á fundinum. Erindinu og bæklingnum vísað til kynningar í mennta og menningarmálanefnd.

- 12. 1103016 - 784. fundur Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Fundargerð lögð fram.

Önnur mál (ef einhver):

- 13. 1103022 - Tilboð í búnað á bókasafn Reykhólahrepps.**

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir fór yfir tilboðið. Sveitarstjórn samþykkir að Ástu Sjöfn sé gefið umboð til að ganga frá kaupunum á sem hagstæðastann hátt. Samþykkt samhljóða.

- 14. 1103017 - Íbúáping um vegamál í Reykhólahreppi.**

Fundargerð þingsins lögð fram. Þann 28. febrúar var haldið íbúáping að frumkvæði hreppsnefndar vegna vegamála í Reykhólahreppi. Á þingið mættu 41 og var ætlunin að fá fram skoðun íbúa á leiðarvali er kemur að vegagerð um Vestfjarðarveg nr. 60 frá Bjarkalundi að Kraká. Gerð var viðhorfsskönnun meðal íbúa á þinginu og hefur niðurstaða hennar verið birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Ákveðin skoðun kom fram á fundinum og mun hún nýtast sveitarstjórnarmönnum. Þingið ályktaði um framhaldsfund á árinu vegna vegamála.

15. 1103018 - Þjóðaratkvæðagreiðsla 9. apríl 2011.

Þjóðaratkvæðagreiðsla um gildi laga nr. 13/2011 um heimild til handa fjármálaráðherra til að staðfesta samninga, sem áritaðir voru í London 8. desember 2010, um ábyrgð á endurgreiðslu Tryggingasjóðs innistæðueigenda og fjárfesta til breska og hollenska ríkisins á kostnaði af greiðslu lágmarkstryggingar til innistæðueigenda í útibúum Landsbanka Íslands hf. í Bretlandi og Hollandi og greiðslu eftirstöðva og vaxta af þeim skuldbindingum. Lög nr. 13/2011 voru samþykkt á Alþingi hinn 16. febrúar 2011 en forseti synjaði þeim til staðfestingar.

Vísað til kjörstjórnar Reykhólahrepps til framkvæmdar. Samþykkt samhljóða.

16. 1103019 - Landskipti undir vegstæði úr Reykhólalandi landnúmer 139639.

Erindi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti dagsett 7. mars 2011.

Hreppsnefnd samþykkir landskiptin, sveitarstjóra og skipulags- og byggingafulltrúa falið að ganga frá áritun og stimplun gagna. Samþykkt samhljóða.

17. 1103020 - Breyting á lögum um vernd Breiðafjarðar.

Sameiginlegt svar sveitarfélaganna við Breiðafjörð við erindi Umhverfissráðuneytisins frá 13. janúar 2011. Erindið var kynnt á fundi umhverfis og náttúrverndarnefndar Reykhólahrepps.

Svarbréf lagt fram. Sveitarfélögin við Breiðafjörð hafa unnið í sameiningu með aðstoð ráðgjafa frá Alta að svari til umhverfissráðherra þar sem óskað er eftir fundi með ráðherra til að reifa málið og ræða í víðara samhengi. Sveitarstjórn líst vel á þennan farveg mála.

18. 1103021 - Úrbætur á ferðamannaaðstöðu í Flatey.

Framkvæmdaráætlun Framfarafélagsins sem sóttir um styrk vegna verkefnisins til Ferðamálastofu.

Samþykkt að fela Eiríki Kristjánssyni að skoða málið fyrir hönd sveitarstjórnar.

19. Ósk um stuðning sveitarfélagsins við væntanlega umsókn Þörungaverksmiðjunnar um uppsetningu á vindhraðamæli í Flatey og öldudufli fyrir vestan Flatey til Veðurstofunnar og Siglingastofnunar.

Sveitarstjórn styður fúslega við væntanlega umsókn með öryggi sjófarenda í huga.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 19.00

